

Ed.

109. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um bráðabirgðahækkun á aðflutningsgjaldi.

Nefnd sú, er háttvirt deild hefir kosið til að ihuga mál þetta, ræður til að samþykkja frumvarpið og hraða því svo með afbrigðum frá þingsköpum, að það geti orðið afgreitt sem lög frá þinginu í síðasta lagi um miðjan þ. m.

Þó vill nefndin ráða deildinni til að taka inn í 1. gr. frumvarpsins ákvæði um toll á brendu kaffi til þess að girða fyrir, að menn komist hjá tollhækkuninni með því að kaupa brent í stað óbrends kaffi, og leggur nefndin til, að tollur á því sé 5 au. hærri pr. pd., er samsvarar þyngdarmuninum.

Ennfremur er það álit meirihl. nefndarinnar, að rétt sé að fella burt viðbót þá við 3. gr. frumvarpsins, er háttv. Nd. samþykki, þar eð þetta óeðlilega ákvæði, að láta lög eða kafla úr lögum gilda áður en þau verða til, sé óheppilegt fordæmi fyrir síðari löggjöf, óþarflega hart, komi misjafnt niður og muni eigi afla landssjóði verulegs tekjuauka.

Vér ráðum því háttv. deild til að samþykkja þessar breytingartilögur við frumvarpið.

1. Við 1. gr:

a. við lið 8. Framan við orðið »kaffi« komi: óbrendu.

b. Aftan við lið 8 komi nýr liður svohljóðandi:

9. Af alls konar brendu kaffi 18 — — —

Breytist liðatalan eftir því.

2. Við 3. grein:

Málgreinin: »Þó skal 24. febr. 1909« falli burtu.

Efrideild alþingis 4. marz 1909.

Með fyrirvara

Sigurður Stefánsson,
formaður.

Steingrímur Jónsson,
skrifari og framsögum.

August Flygenring.

Með fyrirvara

Kristinn Danielsson.

Gunnar Ólafsson.